

Ed.

628. Frumvarp til laga

[124. mál]

um breyting á læknaþingarlögum, nr. 16/1955.

(Eftir 3. umr. í Nd., 4. apríl.)

1. gr.

36. og 37. tölul. 1. gr. laganna orðist svo:

36. *Austur-Egilsstaðahérað*: Skriðdalshreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur, Eiðahreppur og Hjaltastaðahreppur. Læknissetur í Egilsstaðaborpi;

37. *Bakkagerðishérað*: Borgarfjarðahreppur. Læknissetur í Bakkagerðisborpi.

2. gr.

Á eftir 8. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Heimilt er, að fengnum tillögum landlæknis, að greiða úr ríkissjóði allt að helmingi kostnaðar við nauðsynleg lækningatæki og útbúnað í lækningastofu héraðslæknis í fámennum læknishéruðum, gegn jafnmiklu framlagi frá læknishéraðinu.

3. gr.

2. málsgrein 10. greinar laganna falli niður, en í stað hennar komi svo hljóðandi:

Um greiðslu fyrir störf héraðslækna og aðstoðarlækna og staðgöngumanna héraðslækna fer sem hér segir:

1. Embættislaun héraðslækna skulu greidd fyrir embættisstörf, en til slíkra starfa telst einkum: Samfelld gegningarskylda læknis í héraði, öll tilskilin skýrslugerð, sóttvarnir, ónæmisáðgerðir, berklapróf, almennt heilbrigðisefirlit, svo sem með vatnsbólum, fráræslu, húsakynnum, þrifnaði, matvælum, aðbúnaði í verksmiðjum og á öðrum vinnustöðum og ýmislegt fleira, er fellur undir starfssvið heilbrigðisnefnda eða tekið er fram í erindisbréfi héraðslækna.

2. Fyrir störf í þágu sjúkrasamlaga og annarra greina almannatrygginga fari greiðsla eftir gjaldskrá, sem landlæknir semur og ráðherra staðfestir, eða samningum, er stéttarfélög lækna eiga annars vegar hlut að fyrir hönd lækna, en sjúkrasamlög eða Tryggingastofnun ríkisins hins vegar.

3. Fyrir störf, önnur en embættisstörf, í þágu ríkis, sveitarfélaga og opinberra stofnana fari greiðsla eftir sömu reglum og þá er sjúkrasamlög eða aðrar greinar almannatrygginga eiga í hlut.

4. Fyrir störf í þágu annarra en almannatrygginga, ríkis, sveitarfélaga og opinberra stofnana fari greiðsla eftir reglum, er stéttarfélög lækna setja og birta almenníngi. Nú eru slíkar reglur ekki birtar, og mega þá læknar, er í hlut eiga, ekki krefjast hærri greiðslu en þá er almannatryggingar eiga í hlut.

4. gr.

Aftan við lögina bætist svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Þangað til heilbrigðisstjórnin setur gjaldskrá skv. 2. tölulið 2. málsgre. 10. gr. laganna, skal núgildandi gjaldskrá héraðslækna gilda um störf þeirra í þágu sjúkrasamlaga og annarra greina almannatrygginga.

Ríkisstjórninni er heimilt, til viðbótar heimildum, sem fyrir eru, að greiða allt að 300 þús. kr. árlega til þess að bæta lækniþjónustu í þeim héruðum, þar sem mestra úrbóta er þörf að dómi landlæknis.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.